

Fundur nr. 172

Ár 2018, föstudaginn 21. september kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Örn Þórðarson  
Valgerður Sigurðardóttir  
Marí Júlía Jónsdóttir  
Daníel Ottesen  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Varafulltrúi: Karitas Jónsdóttir  
Sabine Leskopf

Áheyrnarfulltrúar:  
Júlíus Víðir Guðnason

Auk þess sátu fundinn: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfulltrúi, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Skýrsla KPMG um Sundahöfn.  
**Á fundinn mættu þeir Steinþór Pálsson frá KPMG og Gunnar Tryggvason og fóru yfir skýrslu um landnotkun og skipulag í Sundahöfn.**
2. Drög að fjárhagsáætlun ársins 2019, tillaga um breytingu á gjaldskrá, tillaga að fjárhagsáætlun áráanna 2019 - 2023 og greinargerð hafnarstjóra.  
**Farið yfir fyrirbyggjandi gögn. Hafnarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun og gjaldskrá Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2019.**
3. Útboðsgögn vegna smíði dráttarbáts ásamt minnisblaði yfirhafnsögumanns dags. 6.3. 2018.  
**Hafnarstjórn samþykkir að bjóða út smíði á dráttarbáti á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.**
4. Skipulagsmál í Sundahöfn og við Klepp – minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 31.08.2018 um Sundabraut.  
**Skipulagsfulltrúi fór yfir helstu atriði varðandi vinnu við skipulag á svæði Sundahafnar.**
5. Lokun innsiglingar í Sævarhöfða. Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 9.9. 2018 og bréf til skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.  
**Hafnarstjóri fór yfir helstu atriði fyrirbyggjandi minnisblaðs.**
6. Lóðamál – Klettagarðar 7, Reykjavík.  
**Hafnarstjóra falið að senda bréf það sem lóðarhafa er gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri um fyrirhugaða innlausn lóðarinnar.**
7. Bréf Hafnasambands Íslands dags. 5.9. 2018 þar sem boðað er til Hafnasambandsþings og fundar um hafnir og fullveldi þjóðar á Grand hótél dagana 24. – 26. október n.k.  
**Lagt fram.**

8. Beiðni um þátttöku Faxaflóahafna sf. í gerð sjónvarpsþátta um loftslagsmál.  
**Hafnarstjóra falið að ræða við bréfitara**
9. Málþing Faxaflóahafna sf.  
**Ráðgert er að halda málþingið þriðjudaginn 30. október n.k. í Hörpu.**

Fleira ekki gert,  
fundir slitið kl. 11:30

Kristinn J  
Þóris Þór Þorhalla  
Sandra Sól  
Keritas Jónsdóttir  
Orku þátturinn  
Mania Júlía Jónsdóttir  
Lindur Ólafur  
Halldóra Helgadóttir  
Jón Þór  
Daniel Attesen  
Válgertur Sig  
Ólafur Ólafsson